

Tvímánuður



Mynd/*Foto:* Árni Thorsteinsson

Þorri



Hvammshlíðardagatal

Nýjar myndir, gamlar myndir, pælingar
& fróðleikur úr fjöllunum



Einmánuður



Sólmánuður







2023

Isländischer Kalender &
alte Zeitrechnung isl.–dt.

9 783981 821673

Þetta gat er ætlað til þess að hengja dagatalið þannig upp (nota pappann með!) að aukasíðurnar sjást fyrir ofan hverja mánaðarsíðu.

Kæru notendur.

* Upplýsingar finnst á Facebook, leita eftir "Hvammshlíðarostur".

Það styttist ört í tvímánuð, rigning og rok minnir á það að haustið er í rauninni komið og einu sinni enn er ég sest við tölvuna til að klára dagatalið. Ótrúlega viðburðaríkt ár er að baki og þónokkuð af því er enn í gangi einmitt þessa daga. Fyrst og fremst hefur það verið "riðurannsóknin mikla" sem setti sinn svip á nærri því allt sem ég gerði og hugsaði síðan vorið 2021. Meira um hana á aukasíðunum sem tilheyra janúar og febrúar. Hvammshlíðarosturinn varð að bíða í bili, en ég fann nýlega lausn til að hefja samt framleiðslu að minnsta kosti í smáum stíl og einmitt þessa daga eru loksins fyrstu ostarnir tilbúnir til sölu.*

Mjög skemmtilegt að sjá hvað að alíslenska hráefnið nýtur sín vel – einnig hér – án innfluttra efna: Mjólk úr íslenskum kúm sem líður vel og sem eru svo gott sem hundrað prósent ættaðar af þeim "landnámskúm" sem komu til landsins fyrir meira en 1100 árum. Íslenskt sjávarsalt frá Vestfjörðum. Íslensk súrmjólk. Og ekki síst krydd beint úr íslenskri náttúru: blóðberg, fjallagrös, birkilauf, hvannalauf og söl. Það vill svo skemmtilega til að það er samt suðrænn blær yfir ostinum, að minnsta kosti hvannaostinum sem minnir nefnilega á ólífur á bragði!

Þessi alíslenski osturinn er í rauninni táknrænt dæmi og mig langar að koma aðeins meira á framfæri í þessu samhengi. Reynslan sýnir aftur og aftur að íslensk matvæli, sem eru tilbúin frá grunni úr íslensku hráefni, eru einfaldlega best. Ástæðurnar eru augljósar: Við erum svo heppin að "verksmiðjuvæðingin" átti sér aldrei stað í íslenskum landbúnaði (nema við svína- og kjúklingarækt og hvorug þeirra á sér neina íslenska hefð). Bændur eru í langflestum tilfellum enn í dag fjölskyldur sem sinna skepnunum sínum með alúð og einlægni. Eiturefna-notkun er í algjöru lágmarki, syklalyf er ekki notað nema í lækningaskyni og – síðast en ekki síst, það mætti tala miklu meira um það! – íslenskt búfé má haga lífi sínu hér samkvæmt eðli sínu. Sérstaklega á þetta við sauðfé. Kindur lifa á sumrin eins og villifé, búa yfir hæfileika sem hafa verið þróaðir í mörg hundruð ár undir erfiðum kringumstæðum, og nýta plöntur á meðan sem eru til "hvort sem er". (Ofbeitarvandamálið er í langflestum landshlutum úr sögu síðan fyrir löngu, á Norðurlandi er það meira að segja öfugt: Of lítil beit leiðir til þess að allt fer í sinu, grasið hverfur, mosi tekur við.) Allir eru að tala um sjálfbærni – hér er hún!

Ég veit ekki um neitt annað land í "vestrænum" heimi sem er slíkt paradís varðandi landbúnað og Ísland. Það er ekki sjálfgefið – neytendur verða að styðja hann. Það er einfalt: Sneiðum framhjá innfluttum mjólkurvörum, innfluttu grænmeti og alveg sérstaklega framhjá innfluttu kjöti! Kaupum íslenskt í staðinn! Og ef það er ekki til í búðinni, kvörtum yfir því hjá verslunarstjóranum! Og, kæri bændur: Verum stolt af því að vera íslenskir bændur!

Jæja, ég læt þetta duga núna. Góða skemmtun við fimmta dagatalið!

Hvammshlíð, á heyönnum 2022 Karólína Elísabetardóttir

Gott að vita: Á aðalsíðunni er hver og ein mynd raunverulega tekin í mánuðinum þar sem hún birtist og ég tók allar myndir sjálf eins og áður, nema annað komi fram. Dagatalið inniheldur gömlu mánuðina, merkisdaga og gömlu vikutölurnar. Ég nota dagsetninguna í "nýja stíl" síðan 1700.

14.	byrjun 14. viku á nútímamáli (1. vika í byrjun janúar)
14.	byrjun 14. viku vetrar
14.	byrjun 14. viku sumars
Harpa	sumarmánuður
Ýlir	vetrarmánuður
●	nýtt tungl
☽	fyrsta kvartil
○	fullt tungl
☾	síðasta kvartil
mán	venjulegur virkur dagur
Lau/sun	helgi
mán	"rauður dagur" (almennur frídagur, hér mánudagur)
Kertasníkir	nafn jólasveins sem kemur þann dag



Loksins: fyrstu söluostarnir eru tilbúnir!
Endlich: verkaufsbereiter Käse (betrifft nur Island)



Loksins eftir 7 ár: Dráttarvélarslóðin frá þjóðveginum heim verður að upphækkuðum vetrarfærum bílvegi!
Endlich: eine wintertaugliche Straße zum Hof!



Baugur og Kappi ánægðir með framvinduna

Hvammshlíð – uppfærðar myndir!
Aktualisierte Bilder!

Hjörðin stækkaði aðeins meira. Ekki furða sig: Gráar, grámórauðar og golsóttar kindur skipta um andlitslit eftir árstímum.
Die Herde ist noch ein bisschen gewachsen. Und nicht wundern: Schafe mit den Mustern Grau und Golsótt ändern die Gesichtsfarbe im Jahreslauf.

Dieses Loch ist dazu gedacht, den Kalender mithilfe des Lochs aufzuhängen (Rückpappe nutzen!) und damit die "Zusatzseiten" immer oberhalb der jeweiligen Kalenderseite zu sehen.

Liebe Nutzerinnen & Nutzer,

Der August neigt sich dem Ende zu, prasselnder Regen und Sturm erinnern daran, dass der Herbst eigentlich bereits da ist, und wieder einmal sitze ich am Rechner, um den Kalender druckfertig zu machen. Ein unglaublich ereignisreiches Jahr liegt hinter mir, und einiges Entscheidende ist auch in diesen Tagen im Gange. Im Vordergrund stand und steht die "große Scrapie-Studie", um die sich seit Frühjahr 2021 fast alles gedreht hat. Mehr darüber findet sich auf den Zusatzseiten der Monate Januar und Februar. Die Produktion in meiner kleinen Käserei musste derweil warten, aber ich habe nun eine Lösung gefunden, wie ich zumindest in kleinem Stil "trotzdem" Hvammshlíð-Käse anbieten kann. (Nach wie vor aber nur innerhalb Islands.)

Soeben befinden sich außerdem die Bauarbeiten rund um eine geradezu revolutionäre Verbesserung im wahrsten Sinne des Wortes auf den letzten Metern: Aus dem Traktorpfad wird endlich eine Hofzufahrtsstraße, die auch im Winter mit dem Auto befahrbar ist (von schneebedingten Ausnahmen abgesehen). Bisher musste ich das Auto im Winter unten an der öffentlichen Straße parken und die letzten rund 700 m zu Fuß gehen. An sich kein Problem, aber umständlich beim Transport schwerer Sachen und im Schneetreiben u. Ä.; im Fall des Falles auch ein Sicherheitsrisiko. Bestimmte Verbesserungen hatten sich bereits dadurch ergeben, dass ich – dank des Kalenders – vor drei Jahren zumindest einen Traktorpfad anlegen lassen konnte. Aber auch er war oft unpassierbar. Daher bin ich sehr froh, dass wir hier nun endlich "normale" Verhältnisse haben werden, auch wenn die Kosten dafür immens sind!

Zur aktuellen Ausgabe: Die Zusatzseiten thematisieren diesmal ganz unterschiedliche Aspekte des isländischen Lebens, sowohl der Gegenwart als auch der Vergangenheit. In manchen Fällen (speziell auf der Seite mit den Fotos aus der Sammlung von Rebekka Aðalsteinsdóttir) hätten Erklärungen für Nichtisländer so viel Platz eingenommen, dass dies auf Kosten der Fotos hätte geschehen müssen. Hier habe ich auf längere deutschsprachige Texte verzichtet. Die Bilder sprechen aber dennoch für sich, denke ich! In diesem Sinne viel Spaß mit der nunmehr 5. Ausgabe!

Hvammshlíð, im Monat Heyannir 2022 *Karólína Elísabetardóttir*

Hinweise: *Jedes einzelne Bild wurde wirklich in dem Monat aufgenommen, auf dessen Blatt es erscheint, und ich habe wie bisher alles selbst fotografiert, sofern nicht anders erwähnt. Der Kalender bietet Kalenderwochen, Mondphasen und (isländische) Feiertage. Die deutschen Feiertage lassen sich daraus leicht ableiten. Zudem enthält er die alten isländischen Monate und die Zählung der Sommer- und Winterwochen samt weiterer wichtiger Tage. Oberhalb jedes Kalenderblattes (lochen und komplett aufklappen, s. Hinweis ganz oben!) befindet sich die Extraseite.*

14.	*14. Kalenderwoche (Beginn)*	sun	*sunnudagur = So*
14.	*14. Winterwoche (Beginn)*	mán	*mánudagur = Mo*
14.	*14. Sommerwoche (Beginn)*	þri	*þriðjudagur, 3. Tag = Di*
Harpa	*Sommermonat*	mið	*miðvikudagur, "Mittwochentag" = Mi*
Ýlir	*Wintermonat*	fim	*fimmtudagur, 5. Tag = Do*
●	*Neumond*	fös	*föstudagur, "Fastentag" = Fr*
☽	*Halbmond, zunehmend*	lau	*laugardagur, "Waschtag" = Sa*
○	*Vollmond*		
☾	*Halbmond, abnehmend*		
mán	*normaler Werktag*		
Lau/sun	*Wochenende*		
mán	*Feiertag (in dem Fall Mo)*		
Kertasníkir	*Name des Weihnachtsmanns, der an diesem Tag kommt*		



Karólína



Baugur



Kappi


Gústa
Doppa
Tilda
Lína
Mía
Drottning
Funa
Nína
Helga
Dóra
Loki
Freyja
Sólrún
Bragi
Ljúfur
Silfri
Hildur
Grámóri
Sproti
Mías
Fríða
Njáll
Bjarki
Fálki
Iða
Elín
Lagsi
Snorri
Ugla
Glóa
Lilja
Verðandi
Vildís
Freyr
Gísli
Katla
Ronja
Lúsía
Sjafnar
Haki
Hamingja
Heiðrún
Garún
Magga
Seli
Ásta
Elsa Þokkadís
Fjóla
Gutti
Auður
Gummi Kóngur
Ingvi
Dreki
Funi
Flóki
Siggi
Steini
Blákukka
Sóley
Engjarós
Víðir
Bleikur
Ófeigur
Eitill

Riðurannsóknin mikla

Riða í sauðfé hefur verið alvarlegt vandamál á Íslandi í meira en 100 ár, síðustu árin sérstaklega á Norðurlandi. Þessi ólæknandi og banvæni sjúkdómur stafar af því að prótein í svokölluðu príonpróteini – sem finnst í svo gott sem öllum spendýrum – aflagast. Það verður óeðlilega seigt og á sama tíma smitandi. Áhrifin eru mest á heilann og taugakerfið. Til þessa var alltaf skorin öll hjörðin niður ef riðusmituð kind fannst – sem er með það versta sem sauðfjárbóndi getur lent í. En smitandi prótein getur varðveist í marga áratugi í umhverfinu og leynst víða, þess vegna ber niðurskurður einn og sér ekki endilega árangri. 15 af þessum 16 riðutilfellum sem komu upp síðan 2015 – öll á Norðurlandi – voru tengd eldri riðutilfellum þannig að riða getur komið upp aftur og aftur á sama bæ eftir niðurskurð.

En sem betur fer er til einföld lausn sem hefur verið notuð í mörgum löndum síðan fyrir 20 árum: Kindur með ákveðnar stökkbreytingar eða "breytileikar" (polymorphisms) í príonpróteininu eru talsvert minna næmar eða meira að segja **ónæmar fyrir riðusmiti.** Þessir breytileikar erfast á einfaldan og beinan hátt og það er hægt að rækta upp riðuþolinn sauðfjárstofn innan fárra ára ef það er gert á skipulagðan hátt. Þekktastur og alþjóðlega viðurkenndur er breytileikinn R171 eða **ARR**. Lengi var haldið að svoleiðis breytileiki sé ekki til hér á landi og síðan 2004 meira að segja hætt að leita eftir honum. En nokkrar umfangsmiklar rannsóknir á Ítalíu upp úr 2007 sýndu fram á að einnig breytileikinn **T137** hefur sterklega verndandi áhrif þar á landi. Rannsókn sem Stefanía Þorgeirsdóttir gerði á Keldum á tíunda áratugi lét í ljós að T137 er til í íslenska sauðfjárstofninum. Ég var svo heppin að rekast á rannsóknirnar bæði frá Ítaliu og frá Keldum einmitt á réttum tímapunkti, vorið 2021 þegar umræðurnar um breytingarþörf í baráttu við riðu voru komnar á fullt.

Markmiðið var augljóst: Það þyrfti bara að finna núlifandi kindur með T137, kannski meira að segja með R171, og byrja að rækta upp riðuþolinn stofn! Í stuttum orðum rakst ég í kjölfarið á Christine Fast og Gesine Lühken prófessor, riðusérfræðinga í Þýskalandi, sem voru strax til að setja rannsókn í gang. Samhlíða voru komin upp plön hjá Eyþóri Einarssyni hjá Ráðgjafamiðstöðinni landbúnaðarins RML að taka aftur upp leit eftir R171. Þetta saman varð ein heild með aðkomu Stefaníu – sem er í raun-inni eini íslenski riðusérfræðingurinn með áratuga reynslu sem vinnur enn við efnið – og einnig Vilhjálms Svanssonar á Keldum. Stuttu seinna komu, aðallega í gegnum Christine, sérfræðingar frá Ítalíu, Englandi, Frakklandi og Spáni inn í stóra verkefnið sem mun taka nokkur ár.

Byrjað var á því vorið 2021 að safna sýnum úr kindum víða um land á markvissan hátt. Ómissandi í þessu var styrkur Þróunarsjóðs sauðfjárræktar. Í heild voru skoðuð sýni úr fleiri en 28.000 gripum fram á sumarið 2022 (til samanburðar: Í rannsóknunum á tíunda áratugi voru tekin um 1.000 sýni). Árangurinn var sláandi. Meira um hann á febrúar-síðunni.*

En núna langar mig að nota tækifærið til að þakka öllum sem hjálpuðu til þótt þau væru ekki beint tengd verkefninu, sér í lagi öllum "**burðardýrum**" sýnatökubúnaðs og sýna, bæði innanlands og út: Angela Schamberger, Anja Warnecke, Barbara Gerken, Brigitte Visbeck, Brigitte Wendt, Christa Niebelschütz, Edda Graichen, Elísabet Magnúsdóttir, Elke Noeske, Elsche, Evelyn Ýr Kuhne, sonur & móðir, Gitte Gruber, Katja Bröker, Kristján Elvar Gíslason, Lisa Dombrowe & foreldrar, Mandy Rehork, Marinó Helgi Sigurðsson, Monika Neumann, Ólafur Jónsson, Reynir Björnsson & dóttir, Sarah Holzem & móðir, Stefanie Richter, Susanne Lieske, Tina Friedl, Wiebke Neessen og Þuríður Hermannsdóttir. Dýrmætar **upplýsingar** veittu Björn Friðriksson, Gunnar Sigurðsson, Guttormur H. Stefánsson, Hjálmar Ólafsson, Hjalti Þórðarson, Matthildur Hjálmarsdóttir, Ólafur Dýrmundsson, Sigtryggur Björnsson, Þórður Pálsson og miklu fleiri. Holger Thoms dýralæknir var lykilpersóna í því að tengja okkur Gesine prófessor saman – og lagði fram ókeypis blóðsýnatöku úr öllum norðlenskum T137-gripum. Alveg sérstaklega þakka ég **öllum sauðfjárbændum** sem tóku okkur fagnandi og gerðu allt til að koma rannsóknunni áfram – með ráð og dáðum. **Fagráð** sauðfjárræktar var ómissandi til að fjármagna allt, sér í lagi Gunnar Þórarinsson skipti öllu máli í þessu og öðru samhengi, ekki síst á frumstigi verkefnisins. Svo má ekki gleyma **MAST-fulltrúunum** Sigurborgu Daðadóttur og Sigurbjörgu Bergsdóttur, sem eru að styðja nýju stefnuna – að rækta upp riðuþolinn stofn – að kröftum. Með tilliti til fyrirrennara þeirra er það ómetanlegt.

Síðast, en síst: Í daglegri samvinnu er auðvitað **Eyþór Einarsson** alveg framúrskarandi. Brennandi áhugi á "riðumálum", þekking á sauðfjárrækt sem er varla hægt að toppa, endalaus orka, óbilandi jákvæðni, bjartsýni og raunsýni, ekki síst skemmtileg framkoma einkenna hann. Ótrúleg heppni að hann skyldi vera í þessu embætti einmitt núna, ekki hægt að hugsa sér neinn betri og er seint hægt að þakka framlagið hans í málunum nóg.

* Fullt af nyndum tengdum rannsóknini finnst á síðustu blaðsíðunni!
Auf der letzten Seite habe ich alle möglichen Fotos zusammengestellt, die im Zusammenhang mit der Studie entstanden sind.

Scrapie: die Lösung!

*Die unheilbare tödliche Schafkrankheit Scrapie ist in Island ein riesiges Problem. Bisher wurde immer die gesamte Herde "gekeult", wenn ein scrapie-positives Schaf gefunden wurde – mit das Schlimmste, was einem Schafbauern passieren kann. Aber: Schafe mit bestimmten Erbveranlagungen, z. B. R171 (=ARR) oder T137, können kein Scrapie bekommen. Man kann also ganz einfach resistente Schafe züchten, und das Problem ist gelöst! Durch eine große Studie, in die ich seit Frühjahr 2021 verwickelt bin, wird dieses Konzept nun endlich auch hier in Island verfolgt. Revolutionär für die Zukunft des Islandschafs! Neu im Vergleich zu anderen Ländern: Nicht nur R171 kommt zum Einsatz, sondern auch T137, das sich ab 2007 in Italien als resistent erwiesen hat. Diese Alternative wiederum kann auch Schafen in anderen Ländern nützen.**



Alþjóðegt teymi að leggja sig fram til að leysa íslenska riðuvandamálið! Hér sést skjámynd af Zoom-fundi haustið 2021.
Ein internationales Team engagiert sich nun für die Lösung des isländischen Scrapieproblems! Hier ein Zoom-meeting von 2021.

Erfðir riðunæmi — *Vererbung von ARR & Co.**



*ARR (= R171) usw. kann beliebig gegen andere Haplotypen ausgetauscht werden – wie T137, C151, V136 (= VRQ) usw. Die Bilder dürften selbsterklärend sein. Die Prozentwerte sind die Wahrscheinlichkeiten für die Haplotypen der Lämmer.

Mörsugur
(sprich "mörsügür")

21.12.2022 til 19.1.2023; hefst á miðvikudegi í 9. viku vetrar eða á bilinu 20. til 27. desember.

21.12.2022 bis 19.1.2023; beginnt am Mittwoch der 9. Winterwoche bzw. im Zeitraum 20. bis 27. Dezember.

Þorri *(sprich "thorri", th wie engl. ti-eitsch)*

20.1. til 18.2.2023; hefst á föstudegi í 13. viku vetrar (= á bilinu 19. til 25. janúar).
20.1. bis 18.2.2023, beginnt am Freitag in der 13. Winterwoche und kann im Zeitraum 19. bis 25. Januar liegen.

Trú & Dalur

Trú frá Sveinsstöðum (t.v.) er með T137/ARQ og sæðingahrúturinn Dalur frá Ásgarði (t.h.) er með AHQ=H154/ARQ. Markmið var að búa til hágæða lömb sem eru með T137 – og helst líka með H154. Líkurnar (sjá gráar tölur) voru 25 %, þ.e. 1 af 4 mögulegum lömbum. En þetta gekk vonum framar: Trú bar 1 gimbri og 3 hrútum – og 2 hrútanna eru með T137/H154! Gott þegar tölfræðin ræður ekki öllu! Hrútarnir heita Trausti (lengst t.h.) og Tryggvi (2. f.h.) í samræmi við mikilvæga hlutverkið sem þeir muna sinna í framtíðinni.

Trú war das erste heute lebende Schaf, das wir mit T137 fanden. Sie und Dalur (mit H154 = AHQ, weniger empfänglich als der Wildtyp ARQ) hatten im Frühjahr zusammen Lämmer. Das Ergebnis übertraf alle Erwartungen und die (grau dargestellten) Wahrscheinlichkeiten: 4 Lämmer, davon 3 Böcke und davon 2 nicht nur mit T137, sondern auch mit H154 (Tryggvi und Trausti)!









Glatt á hjalla hjá gemlingunum
Die Jungschafe haben immer was vor





Kannski eru einhverjar kindur að koma út (Kappi segir, aldrei að vita!)
Vielleicht kommen gleich Schafe aus dem Gang (Kappi sagt, man weiß nie!)



Janúar

Mörsugur

Þorri

Sun	***1***	***Nýársdagur***
Mán	2	1.
Þri	3	
Mið	4	
Fim	5	
Fös	6	Þrettándinn
Lau	***7***	*12.* ○
Sun	***8***	
Mán	9	2.
Þri	10	
Mið	11	
Fim	12	
Fös	13	
Lau	***14***	*13.*
Sun	***15***	☾
Mán	16	3.
Þri	17	
Mið	18	
Fim	19	
Fös	20	Bóndadagur
Lau	***21***	*14.* ●
Sun	***22***	
Mán	23	4.
Þri	24	
Mið	25	Pálsmessa
Fim	26	
Fös	27	
Lau	***28***	*15.* ☽
Sun	***29***	
Mán	30	5.
Þri	31	



Frægustu kindurnar Íslands!

Þessar kindur eru ónæmar fyrir riðusmiti. Nánar tiltekið: Þetta voru fyrstu gripirnir sem fundust með T137 eða R171 (ARR). **Trú frá Sveinsstöðum** í Þingi var sú allra fyrsta – fyrsta núlifandi kind með T137. Hún fannst á þriðjudaginn, **7. september 2021** rétt eftir kl. 12 sem var söguleg stund, ekki síst fyrir Ólaf Magnússon bónda sem frétti af þessu uppi á fjalli (sem betur fer var símsamband þar!) en ekki síður fyrir sjálfa mig. Að finna þennan breytileika aftur var lykilatriði í allri rannsókn og ég hafði skoðað fleiri en 1.100 raðir áður en röðin Trúar kom fram. Fyrst var ég smeyk að þetta gæti verið tæknileg villa en sem betur fór fundum við fljótlega aðra ær með T137 á meðal ættingja hennar, **Tryggð**.

Eftir það liðu mánuðirnir en ekkert meira fannst. Við vorum meira að segja farin að hugsa um fósturvísaflutning en ákváðum að bíða með það fram á næsta árið. En nákvæmlega 4 mánuðum seinna rann upp sá dagur sem breytti öllu í sauðfjárrækt á Íslandi: föstudagur, **7. janúar 2022.** Þetta byrjaði með því að (aftur!) rétt eftir kl. 12 fannst loksins þriðja kindin með T137, **Tignarleg,** líka á Sveinsstöðum en ekki beint skyld Trú og Tryggð. En rétt eftir kl 18 fann ég eitthvað sem ég í fyrstu þorði ekki að trúa: breytileika í sætinu 171! **ARR! Það sem allir héldu að væri ekki til á Íslandi!** Hjartað mitt tók kipp en ég hugsaði: "Æ, örugglega tæknileg villa ..." En skrifaði samt gripanúmerið niður til öryggis: 7717. Þá, bara fáum röðum síðar, aftur sami breytileikinn! Engin villa kannski? Bara veruleiki?

Sem betur fer eru öll sýni raðgreind í báðar áttir, fram og til baka. Ég hoppaði titrandi niður á skjánum þar sem baka-raðirnar sáust – og fann sama breytileikann! Í báðum röðum! Þá hringdi ég í Eyþór sem varð sögulegt símtal, og strax á eftir í Gesinu prófessor sem – þrátt fyrir föstudagskvöld – gat staðfest eftir hálftíma að ég hafi túlkað niðurstöðurnar rétt. Aukasýnataka úr gripunum tveimur – sem voru **Njálu-Brenna og Gimsteinn frá Þernunesi** í Reyðarfirði – og hrað-raðgreining hjá Matís voru þá næstu skrefin í þessari ótrulegu sögu sem breytti öllu: Alþjóðlega viðurkenndi riðuþolni breytileikinn R171 eða ARR var loksins fundinn á Íslandi!

Til að toppa þennan dag fannst rétt fyrir kl 19 í fyrsta skiptið T137 á nýjum bæ: á **Straumi** í Fljótsdalshéraði. Meira að segja var kindin móbotnótt og ferhyrnd! Það sannar sig að talan 7 hefur sérstaka þýðingu – ekki bara þegar jörðin var sköpuð heldur líka þegar grunnurinn að nýrri, bjartri framtíð íslenskrar sauðfjárræktar varð óvænt til. Síðan hafa óvæntur fjöldi gripa bæst í hópinn sem er aðallega stóru RML-arfgerðagreiningarátakinu að þakka. Á hverri meira né minna en 8 bæjum hefur fundist T137, en Þernunes er samt ennþá eini bærinn með R171 (ARR). Þetta mun breytast strax í vor þegar lömbin undan tilvonandi sæðingahrútum með T137 og ARR koma í heiminn víða um land, sérstaklega á riðuáhættusvæðunum. Þetta verða meira að segja nokkur þúsund lömb ef allt gengur upp. En Trú og Njálu-Brenna voru þær fyrstu …

Die berühmtesten Schafe Islands!

Diese Schafe sind resistent gegen Scrapie. Wir haben sie im Rahmen unserer Untersuchung von rund 28.000 Individuen gefunden – sie sind die ersten heute lebenden (erwachsenen) Schafe Islands mit T137 (oberste fünf Zeilen) oder mit R171 (= ARR, untere zwei Zeilen). Die Buchstaben im Kreis bezeichnen die Herkunftshöfe, erklärt im Feld am rechten Rand. Sie liegen alle im Nordland, bis auf Straumur und Þernunes im Ostland.

R171 (ARR) ist international als resistent anerkannt, und weltweit wird mit diesem Ziel gezüchtet. Außer in Island. Lange Zeit dachte man, es gebe kein R171 hierzulande, nachdem vor gut 20 Jahren rund 1.000 Schafe untersucht worden waren; bald danach wurde sogar die Suche nach R171 eingestellt, da die damaligen Verantwortlichen so überzeugt von der Keulungsstrategie waren. Im Frühjahr 2021 haben wir die Suche danach und nach T137 wieder aufgenommen – und wurden am 7. September mit T137 und am 7. Januar 2022 sogar auch mit R171 fündig. Sensationell für die isländische Schafzucht! Endlich ist ein Ende der furchtbaren Keulungen in Sicht!

Góa (*spri.ch "goua"*)
19.2. til 20.3.2023; góa hefst á sunnudegi í 18. viku vetrar, upphafsdagurinn getur því verið á bilinu 18. til 24. febrúar.
19.2. bis 20.3.2023; góa beginnt am Sonntag in der 18. Winterwoche, also zwischen 18. und 24. Februar.



Snorri, Vildís, Sólrún, Lúsía





Veðrið að versna – best að skella sér inn
Das Wetter wird schlechter – schnell rein!



Baugur við vettlingaleik
Baugur beim Handschuhspiel

Febrúar

Þorri

Góa

Mið	1		
Fim	2		Kyndilmessa
Fös	3		
Lau	***4***	*16.*	
Sun	***5***	○	
Mán	6	6.	
Þri	7		
Mið	8		
Fim	9		
Fös	10		
Lau	***11***	*17.*	
Sun	***12***		
Mán	13	7.	☾
Þri	14		
Mið	15		
Fim	16		
Fös	17		
Lau	***18***	*18.*	*Þorraþræll*
Sun	***19***		*Konudagur*
Mán	20	●	Bolludagur
Þri	21		Sprengidagur
Mið	22		Öskudagur
Fim	23		
Fös	24		
Lau	***25***	*19.*	
Sun	***26***		
Mán	27	9.	☽
Þri	28		



Elsa





"Sjáðu bara! Eitthvað grænt!! Ætli það sé ekki óhætt að smakka þetta?" (Dreki og Kóngur)
"Sieh nur! Frisches Grün!! Müsste doch eigentlich essbar sein, oder?"

Út um gluggann - eða inn?!
Fensterblicke

Þegar skaflarnir í kringum húsið eru að stækka þá veita þeir allt í einu innsýn – og "útsýn"! Allavega er þetta mjög skemmtilegt fyrir okkur öll – bæði inni og úti!

Wenn die Schneewehen rings ums Haus höher werden, bieten sie plötzlich ungeahnte Einblicke – und "Ausblicke"! Jedenfalls sehr unterhaltsam für uns alle – drinnen oder draußen!

Einmánuður *(sprich "eyn-maunüthür", th = ti-eitsch)*
21.3. til 19.4.2023; hann hefst á þriðjudegi í 22. viku vetrar, upphafið getur því verið á bilinu 20. til 26. mars.

21.3. bis 19.4.2023; er beginnt am Dienstag in der 22. Winterwoche, dieser Tag kann im Zeitraum 20. bis 26. März liegen.



Fríða



"Namminamm!" (Kóngur)



Funi og Siggi



Ófeigur



"Jæja!?" (Siggi og Auður)
Zwiesprache der speziellen Art



Siggi (efstur), Elsa (fljúgandi), Steini (neðstur)



Besti staður til að fylgjast með öllu!
Optimaler Ausguck

Eitill, Bleikur, Hamingja



Mars

Góa

Mið	1		
Fim	2		
Fös	3		
Lau	***4***	*20.*	
Sun	***5***		
Mán	6	10.	
Þri	7	○	
Mið	8		
Fim	9		
Fös	10		
Lau	***11***	*21.*	
Sun	***12***		
Mán	13	11.	
Þri	14		
Mið	15	☾	
Fim	16		
Fös	17		
Lau	***18***	*22.*	
Sun	***19***		
Mán	20	Vorj.	Góuþræll
Þri	21	●	Yngismannad.
Mið	22		
Fim	23		
Fös	24		
Lau	***25***	*23.*	
Sun	***26***		
Mán	27	13.	
Þri	28		
Mið	29	☽	
Fim	30		
Fös	31		

Einmánuður



1939 – f. v. Sigvaldi Halldórsson, óþekktur, Þórir Sigvaldason, Sigurður Sigvaldason, Steinunn Björnsdóttir heldur á Sólveigu Sigvaldadóttur, Guðrún Sigvaldadóttir, Guðrún Gísladóttir og Elsa Heiðdal. María Sigvaldadóttir á hestinum og hundurinn Brúsi fylgist með öllu. Úr safni Sigursteins Bjarnasonar, Stafni.



Þessi hundur hét Skrítinn – hér með Steinunni Björnsdóttur og óþekktri stúlku (1939). Úr safni Sigursteins Bjarnasonar.



Snati á Hæli í Hreppum, mögulega "skoskur" hundur. Mynd/*Foto:* Heiðrún Rósa Sverrisdóttir eða Jóhanna Steinþórsdóttir



1966: Skosk-íslenskir blendingar út af hundum Guðmunds í Krossi, fæddir í Brautarholti í Haukadal. Bingó (t. h.) fæddur 1957 og Lappi fæddur 1965. *Mischlinge aus isländischen Hunden und Border Collies.* Mynd/*Foto*: Georg Magnússon

Harpa

20.4. til 19.5.2023; hefst á næsta fimmtudegi eftir 18. apríl og er fyrsti sumarmánuður.

20.4. bis 19.5.2023; beginnt am Donnerstag nach dem 18. April und ist der erste Sommermonat.



Guðmundur Pálmi Ásmundsson á Krossi í Haukadal var brautryðjandi í notkun og ræktun Border Collie hunda ("skoskra hunda") á Íslandi upp úr 1930. Hér er hann með hundi sem hann tók með sér heim til Íslands eftir 2ja ára dvöl á sauðfjárbúi í Skotlandi. Úr safni Málmfríðar Guðrúnar Sigurvinsdóttur (dótturdóttur Guðmunds), upplýsingar eftir Georg Magnússon. *Einer der ersten Border Collies in Island.*



1963: Pollý í Stafni, úr ræktun Guðmunds á Krossi, afbragðs smalahundur. Hún var mikið gul í vöngum og fótum, einnig á kvið, með litla hvíta blesu og aðeins hvít á bringu. Grásvört á baki, hrokinhærð og loðin. Frekar stuttfætt en bolmikil og sterk. *Pollý, ein Abkömmling dieser ersten Border Collies.*



1898: Indriði í Gilhaga og Tóki að ríða yfir Svartá (í Bugum). Þessi mynd er í miklu uppáhaldi hjá mér. Mynd/*Foto*: Daniel Bruun



Stúlka með hundi – mjög sérstök mynd, tekin um 1900 á ljósmyndastofu Mynd/*Foto*: Árni Thorsteinsson (úr safni Freys Þórarinssonar)

Hundar á gömlum myndum - *Hunde auf alten Bildern*

Hundar hafa fylgst mannkyninu lengur en 10.000 ár og sambandið á milli manns og hunds getur verið það traustasta sem til er í heimi. Ekki síst smalahundar hafa skipað sérstakan sess. Gamlar myndir af hundum eru þess vegna sérstaklega dýrmætar.

Hunde und Menschen haben eine mehr als 10.000-jährige gemeinsame Geschichte, und es gibt unzählige Beispiele für tiefe Freundschaften ebenso wie für den großen praktischen Nutzen dieser Beziehung. Alte Aufnahmen von Hunden sind daher besonders kostbar.



1898: Frábær hversdagsmynd, líklega tekin í Reykjahlíð. Mynd/*Foto*: Daniel Bruun



Ófeigur, Iða og Bleikur (aftastur) að slappa af í góða veðrinu
Ófeigur, Iða und Bleikur (hinten) entspannen sich bei herrlichem Wetter



Dreki Selason

Bjarki klæddur eftir nýjustu tísku – *Bjarki setzt neue Modetrends*



Hyrndir vinir: Steini og Kóngur
Gehörnte Freunde



Apríl

Einmánuður

Harpa

Lau	**1**	24. ●
Sun	**2**	Pálmasunnud.
Mán	3	14.
Þri	4	
Mið	5	
Fim	**6**	○ Skírdagur
Fös	**7**	Föstud. langi
Lau	**8**	25.
Sun	**9**	Páskadagur
Mán	**10**	Annar í páskum
Þri	11	
Mið	12	
Fim	13	☾
Fös	14	
Lau	**15**	26.
Sun	**16**	
Mán	17	16.
Þri	18	
Mið	19	
Fim	**20**	1. ● Sumard. f.
Fös	21	
Lau	**22**	
Sun	**23**	
Mán	24	17.
Þri	25	
Mið	26	
Fim	27	2. ☽
Fös	28	
Lau	**29**	
Sun	**30**	


skjótt


rautt


brúnt


grátt


skjöldótt


rautt


svart


grátt


flekkótt


mórautt


svart


grátt

Litaheiti ... *Farbbezeichnungen ...*

Ólíkt því sem gerðist í flestum öðrum löndum, datt engum hér á landi í hug að banna ákveðna liti í búfé. Sem betur fer – þannig varðveittist litafjölbreytileiki sem er einstakur í heiminum. En ekki eru bara litirnir margir, heldur eru litaheitin líka mörg. Og ekki eru þau öll eins heldur. Það sem heitir skjótt á hrossum, er kallað skjöldótt á kúm og flekkótt á kindum. Hér koma nokkur dæmigerð litaheiti fram sem eru ekki eins eða ekki augljós. Svo er þetta gott tækifæri til að benda á önnur heiti, sem ekki eru eins hjá öllum dýrum:

hryssur kasta	læður gjóta
ær bera	gyltur gjóta
kýr bera	hænur verpa
huðnur bera	konur fæða
tíkur gjóta	

"Stóru" kúamyndirnar tók Guðrún Lárusdóttir, Keldudal.

Anders als in den meisten anderen Ländern kam es in Island niemandem in den Sinn, bestimmte Haustierfarben zu verbieten – und die Tiere damit in "Rassen" einzuteilen, die dann alle gleich aussehen. Zum Glück. Dadurch hat sich hier eine Farbvielfalt erhalten, die weltweit einzigartig ist.

Aber nicht nur die Farben sind vielfältig, auch die Bezeichnungen dafür – und sie sind oft je nach Tierart unterschiedlich. Auf dieser Seite werden einige typische Beispiele gezeigt, bei denen die Farbbezeichnungen variieren oder nicht direkt auf der Hand liegen. (Drei der Kuhfotografien stammen von Guðrún Lárusdóttir, Keldudalur.)

Skerpla *(r mit der Zungenspitze gerollt)*

20.5. til 18.6.2023; hefst á laugardegi í 5. viku sumars, þessi dagur getur verið á bilinu 19. til 25. maí.

20.5. bis 18.6.2023; beginnt am Samstag der 5. Sommerwoche, d. h. im Zeitraum vom 19. bis zum 25. Mai.

Kæpir selur, kastar mer,
konan fæðir, ærin ber,
fuglinn verpur, flugan skítur,
fiskur hrygnir, tíkin gýtur.
Guðmundur Þórláksson (1852–1910)



Sóley



Snjór og bjartar nætur – fjallavor
Schnee und helle Nächte – das ist Bergfrühling



Ásta nýbúin að bera Engjarós og Víði – Lína og Sóley að fylgjast spenntar með
Ásta hat soeben Engjarós und Víðir geboren – Lína und Sóley sind sehr interessiert

Víðir



Maí

Harpa

Mán	***1***	***Verkalýðsdagur***
Þri	2	
Mið	3	***Krossmessa****
Fim	4	*3.*
Fös	5	○
Lau	***6***	
Sun	***7***	
Mán	8	19.
Þri	9	
Mið	10	***Eldaskildagi***
Fim	11	*4.*
Fös	12	☾
Lau	***13***	
Sun	***14***	Krossmessa**
Mán	15	20.
Þri	16	
Mið	17	
Fim	***18***	*5.* ***Uppstigned.***
Fös	19	●
Lau	***20***	
Sun	***21***	
Mán	22	21.
Þri	23	
Mið	24	
Fim	25	*6.*
Fös	26	
Lau	***27***	☽
Sun	***28***	***Hvítasunnud.***
Mán	***29***	***Annar í Hvítas.***
Þri	30	
Mið	31	

Skerpla

* Vinnuhjúaskildagi í gamla stíl og víða á Austurlandi
** Vinnuhjúaskildagi síðan 1700 nema víða á Austurlandi



Ekki spurning hverjar eru forystuærnar hér! Svarkrúna og Móblesa – Steinnes, 2015
Keine Frage, welche Schafe hier die Anführerinnen sind!



Nikulás frá Brakanda í júní 2015. Þegar ég tók þessa mynd, grunaði mig ekki að hann yrði síðar sæðingahrútur og mikill ættfaðir í minni hjörð!
Nikulás frá Brakanda im Juni 2015. Er wurde später Besamungsbock, und ein beträchtlicher Teil meiner Herde stammt von ihm ab.



Um 1959: Þessar forystukindur átti faðir Hjalta Pálssonar, höfunds Byggðasögu Skagafjarðar, Páll Sigurðsson bóndi á Hofi í Hjaltadal. Ærin fremst hét Fora, hún kom austan úr Þingeyjarsýslu 1952 eftir fjárskiptin vegna mæðiveiki 1949. Fora var lítil en góð forystuær og gegndi vel bendingum þegar verið var að reka á beitina á veturna. Aftan við eru tveir móraurðir sauðir, synir Foru. Sá eldri er aftast og var líka sæmileg forystukind en minna kvað að hinum yngri. Fora hefur líklega orðið 10 vetra gömul. *Fora – geboren 1952 und eine sowohl begabte als auch gut ausgebildete Anführeraue – und ihre beiden rotbraunen Söhne. Der hintere war ebenfalls ein guter Anführer.*
Mynd/*Foto:* Úr safni Hjalta Pálssonar

Forystufé - *Anführerschafe*

Auðvitað þarf ekki að kynna forystufé fyrir sauðfjárbændum. En ég komst að því að alls ekki allir Íslendingar gera sér grein fyrir sérstöðu þessara kinda og svo ákvað ég að tileinka þeim eigin blaðsíðu að þessu sinni! Á Íslandi datt sem sagt engum í hug að setja sauðfé eða búfé yfir höfuð í "skúffur" og búa til aðskilin kyn (t.d. bara mórautt og hyrnt í annari skúffu en hvítt og kollótt í hinni og ferhyrnt og flekkótt í þriðju osf.). En samt hefur lengi verið ræktað markvisst fé með sterka forystuhæfileika þar sem hefðbundnu ræktunarmarkmiðin á borð við mjólkurlagni, góð ull, mikill mör eða í seinni tíð mikið kjöt skiptu engu máli. Í mörgum tilfellum varð þetta "hreinræktuð" lína.

Forystuhæfileikar eru í rauninni andlegir hæfileikar og kindur sem búa yfir slíkum eru um leið sérstaklega greindar og sjálfstæðar. Útgeislun þeirra er þannig að hjörðin eltir þegar þær leggja land undir fót. Forystufé er yfirleitt áberandi vökult og forvitið, fylgst með öllu og hefur oft sérstakan áhuga á mannfólki. Þess vegna er auðvelt það þekkja það í hjörðinni – burtséð frá því að það er oftast háfættara, grennra og háreist, gjarnan blesótt, næstum alltaf hyrnt og svo gott sem aldrei hvítt. Í gamla daga, þegar fé var rekið hingað og þangað, var það afar dýrmætt ef forystukind fór á undan, hlýddi bendingum og ratað í besta falli alltaf heim, þótt svarta þoka eða stórhríð væri. Enn betra ef kindin var einnig veðurglögg – áður fyrr var engin veðurstofa með nákvæma spá og ekki síst á veturna var það lífshættulegt að lenda t.d. allt í einu í blindbyl uppi á fjalli. Forystufé hefur oft bjargað lífi hirðisins og hjarðarinnar í svoleiðis tilfellum. Ásgeir Jónsson frá Gottorp skrifaði frábæra bók "Forystufé" sem var endurútgefin fyrir fáum árum. Ég mæli eindregið með henni til að fá hugmynd um afrek forystufjár í gamla daga – sem hefur varðveitt sína eiginleika fram á þennan dag og er á sinn hátt einstakt í heiminum.

In Island gibt es keine Schafrassen. Aber es gibt spezielle Anführerschafe, forystufé (sprich "foristü-fjä"), die nach Intelligenz, Führungsqualitäten und Kooperationsbereitschaft gezüchtet werden, nicht nach Fleisch oder Wolle. Daher sind sie hochbeiniger und schmaler, stets aufmerksam und interessiert und daher in einer Herde "normaler" Schafe leicht zu erkennen. Früher waren Schafe öfter als Herde unterwegs, nicht zuletzt im Winter zu freigewehten Weideflächen irgendwo in den Bergen, um Heu zu sparen. Da waren Anführerschafe unschätzbar, die Anweisungen des Hirten folgten und die Herde sicher wieder nach Hause brachten, auch wenn ein lebensgefährlicher Schneesturm tobte oder dichter Nebel hereinbrach. In vielen Fällen haben sie damit Leben gerettet. Für Einzelheiten empfehle ich das Buch "Immer einen Schritt voraus" (ISBN 9783981723915).

Sólmánuður
("soul-maunüthür")

19.6. til 18.7.2023; hann hefst á mánudegi í 9. viku sumars (18. til 24. júní).
19.6. bis 18.7.2023; beginnt am Montag der 9. Sommerwoche (18. bis 24. Juni).



Svona lítur það út þegar góð forystukind sinnir hlutverki sínu. Svarkrúna á undan; tíkin Lína í bakgrunni. Steinnes 2015
So sieht es aus, wenn ein gutes Anführerschaf seiner Aufgabe nachkommt. Svarkrúna vorn, Hündin Lína im Hintergrund.



Sem sagt, háfættar og mjóar … og léttrækar … *Wie gesagt, hochbeinig und schmal … (Steinnes)*



Glóría frá Brakanda, f. 2010 og sonur hennar.



Seli Nikulásson frá Hvammshlíð
– alveg sérstakur vinur minn
– mein besonderer Freund


Sóley og Lína


Mjóidalur


Engjarós


Bláberjalyng – Rauschbeerenblüten

Júní

Skerpla

Fim	1	Fardagar 7.
Fös	2	
Lau	***3***	
Sun	***4***	○
Mán	5	23.
Þri	6	
Mið	7	
Fim	8	8.
Fös	9	
Lau	***10***	☾
Sun	***11***	***Sjómannad.***
Mán	12	24.
Þri	13	
Mið	14	
Fim	15	9.
Fös	16	
Lau	***17***	***Þjóðhátíðard.***
Sun	***18***	●

Sólmánuður

Mán	19	25.
Þri	20	
Mið	21	***Sumarsólstöður***
Fim	22	10.
Fös	23	
Lau	***24***	***Jónsmessa***
Sun	***25***	
Mán	26	Fæðingard. fors.
Þri	27	☽
Mið	28	
Fim	29	11.
Fös	30	



Í Reykhólasveit (<1960)
Mynd/*Fotos* Lárus Magnússon



208

Skýrsla
yfir mjólk úr kúm á Bæ fyrir árið 1887.

Mánuðir	Flóra 5 ára bar 7/12 1886 Pottar	Dúfa 7 ára bar 7/3 1887 Pottar	Bóthildur 14 ára bar 8/3 1887 Pottar	Athugasemdir
Janúar	321	»	»	a. Flóra á næst að bera 20. des. 1887. Hún hafði mjólkað 579 potta frá burðardegi 7. nóv. 1886 til 1. jan. 1887, þegar skýrslan byrjaði.
Febrúar	270	308	204	
Marz	285	376	339	
April	255	326	267	
Maí	202	301	222	
Júní	212	311	214	
Júlí	291	434	294	Mjólkaði hún því nær 3000 potta frá burðardegi 1886 til jafnlengdar 1887.
Ágúst	234	410	280	
September	177	308	214	
Október	124	233	151	b. Dúfa á að bera 5. febr. 1888; hún var í 6 potta dagsnyt 1. des. 1887.
Nóvember	18	195	78	
Desember[1]	100	118	17	c. Bóthildur á að bera 29. des. 1887.
Samtals	2489	3320	2280	

Bæ 1. desember 1887.
Ólafur Sigvaldason.



